

# Sjálfbærnistefna Isavia ohf.



## Sjálfbærnistefna Isavia ohf.

---

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

21. apríl 2026

---

---

© 2026 Isavia ohf.

[www.isavia.is](http://www.isavia.is) / [isavia@isavia.is](mailto:isavia@isavia.is)

## 1. Tilgangur og umfang

Isavia starfar á ábyrgan hátt þar sem sjálfbærni er órjúfanlegur hluti af allri ákvarðanatöku og framtíðarþróun fyrirtækisins. Við leggjum áherslu á að vera fyrirmynd í sjálfbærni, samvinnu í sjálfbærni og að vera traust fyrirtæki sem stuðlar að velsæld.

Tilgangur stefnunnar er að styðja við að sjálfbærni sé í öndvegi hjá Isavia og tekur til allrar starfsemi samstæðunnar. Starfsfólk jafnt sem stjórn skal virða hana í öllum störfum sínum fyrir félagið. Stefna félagsins í sjálfbærni er hluti af meginstefnu Isavia.

Sjálfbærnistefna Isavia fylgir markmiðum stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum eins og segir í eigandastefnu ríkisins og öðrum áherslum í sjálfbærni eins og við á. Sjálfbærnistefnan tekur mið að því að félagið er aðili að UN Global Compact og skuldbindingu þess til að starfa í samræmi við tíu meginreglur sáttmálans. Félagið vinnur með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

## 2. Stefna og markmið

Við erum til fyrirmyndar í sjálfbærni á Íslandi

### Ábyrgir viðskiptahættir

- Við byggjum upp sjálfbæran rekstur sem skapar langtímavirði
- Við vinnum að stöðugum umbótum í sjálfbærni með skýrum mælanlegum markmiðum og miðlum árangri okkar með gagnsæjum hætti
- Við stundum ábyrg og sjálfbær innkaup

### Fólk og samfélag

- Við aukum sjálfbærni í öllu flugvallarsamfélaginu í krafti liðsheildar okkar og í góðu samstarfi við viðskiptavini og lykilsamstarfsfélaga
- Við vinnum með nærsamfélögum að sjálfbærni með velsæld og lífsgæði að leiðarljósi
- Við virðum mannréttindi og sýnum samfélagslega ábyrgð í gegnum virðisheðju okkar

### Loftslag og orka

- Við erum nettó-núll í eigin starfsemi á Keflavíkurlugvelli 2030
- Við vinnum markvisst að nettó-núll í flugstarfsemi á Íslandi fyrir árið 2050
- Við þekkjum og bregðumst við áhættum tengdum loftslagsbreytingum

## Náttúra og umhverfi

- Við leggjum okkur fram um að vernda náttúruna, líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi
- Við nýtum auðlindir á ábyrgan hátt og vinnum að markmiðum hringrásarhagkerfis í starfsemi okkar
- Við drögum úr neikvæðum áhrifum af starfsemi okkar, drögum úr mengun og vinnum að forvörnum

## 3. Hlutverk og ábyrgð

- Stjórn fær kynningu á stefnunni og stöðu aðgerða a.m.k. einu sinni á ári
- Forstjóri ber ábyrgð á mótun stefnunnar og reglulegri rýni hennar
- Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og að árangur aðgerða sé rýndur reglulega
- Starfsfólk og aðrir sem starfa fyrir samstæðuna taka þátt í daglegum aðgerðum og eru studdir til þess að skilja hlutverk sitt svo stefna þessi verði hluti af daglegri ákvarðanatöku

## 4. Annað

- Sjálfbærnistefnan er kynnt fyrir starfsfólki samstæðunnar og er aðgengileg öðrum áhugasömum hagaðilum á ytri vef
- Sjálfbærnistefnunni fylgir aðgerðaáætlun með mælanlegum markmiðum og eru árangursmælingar birtar í ársskýrslu

Stefnan er endurskoðuð árlega eða ef breytingar verða á rekstri, lagaumhverfi eða stefnu félagsins.

Samþykkt af forstjóra Isavia ohf. þann 21. apríl 2026



KEF